

4 **Brotastarfsemi í skjóli aðgerðarleysis stjórnvalda**

Sameiginlegir sjóðir verða af tugmilljarða tekjum vegna kennitöluflakks á hverju ári en samt er ekkert gert. Á meðan blæðir velferðarkerfinu.

6 **Verðmunur á lágvöruverðsverslunum og öðrum verslunum**

Meðalmaðurinn er ríflega einni og hálfri klukkustund lengur að vinna fyrir matarkörfunni í lágvöruverðsverslun í dag en fyrir sex árum.

10 **Skuggahlið stórmóta í íþróttum**

Brot á mannréttindum er pólitísk stefna og stórviðburðir í íþróttum eiga aldrei að vera skjól fyrir ofbeldi. Það er enginn undanskilinn þegar kemur að baráttu fyrir mannréttindum.



I. tölublað · 63 árgangur · Vor 2014

# WINNAN

Tímarit Alþýðusambands Íslands







**JAFNLAUNA-  
VOTTUN VR**

20 fyrirtæki og stofnanir hafa hlotið Jafnlaunavottun VR. Þar fá konur og karlar sömu laun fyrir jafnverðmæt störf. Við óskum starfsmönnum til hamingju með vinnustaðinn sinn.

Þitt fyrirtæki getur verið framsækið fyrirtæki – leiðréttum launamun kynjanna!

[jafnlaunavottun.vr.is](http://jafnlaunavottun.vr.is)

# Samfélag fyrir alla

Ég óska launafólki um allt land til hamingju með daginn. Fyrsta maí 2014 fylkir íslensk verkalyðshreyfing liði undir yfirskriftinni „Samfélag fyrir alla“. Starf og tilvist verkalyðshreyfingarinnar hefur löngum verið, auk kjarabaráttu, að berjast fyrir samfélagi jafnréttis og jafna tækifæra. Nú þegar misskipting fer aftur vaxandi í þjóðfélaginu verður hreyfingin að spyrna við fótum. Við sjáum þessa þróun í vaxandi gjaldtöku vegna lyfja og lækniþjónustu, þar sem fjöldi fólks þarf að neita sér um nauðsynleg lyf og lækniþjónustu vegna kostnaðar. Við sjáum þetta í að fjöldi fjölskyldna er á hrakhólum vegna húsnæðisskorts eða þarf að sætta sig við óásættanlegar aðstæður í húsnæðismálum af fjárhagslegum ástæðum. Miklum fjölda, sérstaklega ungu fólki, er ómögulegt að kaupa eða leigja húsnæði við núverandi aðstæður.

Viðbrögð stjórnvalda við þessum vanda er með öllu óviðunandi. Þrátt fyrir brýna þörf á því að efla velferðarkerfið í kjölfar efnahagshrunsins hefur ríkisstjórnin á fyrsta starfsári sínu lækkað skatta og gjöld á þær atvinnugreinar og einstaklinga sem best standa um tugi milljarða króna. Ekkert hefur verið gert til þess að koma til móts við þann mikla vanda sem blasir við í heilbrigðis- og húsnæðismálum. Í aðgerðum ríkisstjórnarinnar í skuldamálum heimilanna var sá hópur sniðgenginn sem býr við mestan vanda. Áherslur forystumanna ríkisstjórnarinnar eru afar skýrar og minna



óneitanlega á orðræðu forystumanna þessara flokka frá því fyrir um áratug, þegar skattalækkanir og glóruslaus einkaneysla voru dásömuð með afleiðingum sem allir þekkjá. Og sporin hræða.

Innan ASÍ voru skiptar skoðanir á því hvernig staðið yrði að gerð síðustu kjarasamninga. Niðurstaða allra aðildarsamtaka ASÍ var að gera ákveðið vopnahlé með því að gera stuttan kjarasamning þar sem tíminn yrði nýttur til þess að leggja grunn að breiðri sátt. Til að þetta sé mögulegt þarf tvennt til, annars vegar þurfa stjórnvöld að móta stefnu í peninga- og gengismálum sem tryggir getur launafólki meiri vissu fyrir því að verðlag verði stöðugt þannig að hóflegar launahækkunar skili sér í raunverulegum kaupmætti. Hins vegar þarf breiða samstöðu á vinnurmarkaði þannig að allir taki þátt í því að bera byrðarnar og njóta sameiginlega þeirra ávaxta sem lág verðbólga og lágir vextir bera með sér.

Engin launung er á því að efasemdir voru um það að verðbólgan myndi lækka á fyrstu mánuðum ársins. Einkum þar sem ríkisstjórnin vildi ekki og hefur ekki ennþá dregið til baka hækkunar á eigin gjaldskrá. Er skemmst frá því að segja að félagsmenn um helming aðildarféлага ASÍ felldu kjarasamningana. Félagsmenn þessara féлага féllust síðar á meginmarkmið samninganna, að freista þess að festa hér í sessi lága verðbólgu og lægri vexti,

gegn ákveðnum breytingum á orlofs- og desemberuppbót.

Frá því að ríkisstjórnin gaf út yfirlýsingu í nóvember 2013 um að haga stefnu sinni og ákvörðunum út frá markmiðum um stöðugleika og áréttaði mikilvægi samráðs um ýmis mál, einkum peningamál, hefur fátt eitt gerst annað en að stefna stjórnvalda er talin ýta undir óvissu um verðlag og gengi. Ofan í kaupnið ætlar ríkisstjórnin að taka af borðinu einu trúverðugu leiðina í peningamálum með því að slíta aðildarviðræðum við ESB. Þá hafa ríkisstjórn og sveitarfélög að undanfögnu samþykkt veruleg frávik frá þeirri meginlínu sem lá til grundvallar kjarasamningunum sem gerðir voru á vetrarsólstöðum.

Aðildarsamtök ASÍ geta ekki við það unað að launafólki sé mismunað með þessum hætti. Það getur ekki verið þannig að almennt launafólk beri eitt ábyrgð á stöðugleika og lágri verðbólgu á meðan aðrir sæki sér hreinan kaupmáttarauka með meiri launahækkunum. Hækkunum sem að öllum líkindum verða fjármagnaðar með hærri gjaldskrá, sköttum eða minni velferðarþjónustu á næstu misserum. Krafa okkar er, að samfélagið sé fyrir alla og því verða allir að deila byrðunum. Eins og þróun verðlags undanfarna mánuði sýnir var raunverulegur möguleiki á því að koma hér á nýju og breyttu vinnulagi sem lagt gæti grunn að varanlegum stöðugleika. Félagsmenn ASÍ vildu gera þessa tilraun. Því miður vantaði framtíðarsýn stjórnvalda og samstöðu á vinnurmarkaði svo leiðin væri fær. Þess vegna hljóta aðildarsamtök ASÍ að fara inn í viðræður um næsta kjarasamning á þeim grundvelli að krefjast réttmætra leiðréttinga á kjörum sinna félagsmanna.

Gleðilegt sumar,



Kennitöluflakk veldur gríðarlegu tjóni

# Brotastarfsemi í skjóli aðgerðarleysis stjórnvalda

– sameiginlegir sjóðir verða af tugmilljarða tekjum á hverju ári

Alþýðusamband Íslands hefur lengi gagnrýnt andvaraleysi og ótrúlegt langlundargeð stjórnvalda gagnvart kennitöluflakki og þeim skaða sem slík starfsemi veldur. Til grundvallar eru þau einföldu sannindi að kennitöluflakk og misnotkun á fyrirtækjum með takmarkaða ábyrgð hefur alvarleg og víðtæk áhrif fyrir samfélagið allt. Tjónið skiptir tugum milljarða króna á ári.

ASÍ kynnti sl. haust tillögur sínar um aðgerðir til að sporna við kennitöluflakki. Með því tók ASÍ ákveðið frumkvæði og setti á dagskrá baráttuna gegn þessum skaðvaldi í íslensku atvinnulífi. Það veldur miklum vonbrigðum að stjórnvöld hafa ekki brugðist við eða aðhafst nokkuð þrátt fyrir ítrekaðar ábendingar og tillögur af hálfu verkalýðshreyfingarinnar. Áhugaleysi núverandi ríkisstjórnar þegar kemur að aðgerðum gegn kennitöluflakki er hrópanði. Á sama tíma og gerð er krafa um mikinn samdrátt í ríkisrekstri og því haldið fram að ekki séu til fjármunir til að halda úti mannsæmandi heilbrigðis- og velferðarþjónustu, öflugu menntakerfi fyrir alla og tryggja öllum öryggi í húsnæðismálum er engin tilraun gerð til að sækja þær tug milljarða tekjur sem samfélagslegum sjóðum sannanlega ber og sem fjármagnað gætu þessi samfélagslegu verkefni.

## HVAÐ ER KENNITÖLUFLAKK?

Í sinni einföldustu mynd má lýsa kennitöluflakki sem skipulagðri aðgerð forsvarsmanna í atvinnurekstri þar sem verðmæti eru tekin út úr einu fyrirtæki og sett í annað fyrirtæki en skuldir og aðrar skuldbindingar skildar eftir og fyrirtækið síðan sett í þrot. Fjölmörg dæmi eru um keðju slíkra gjörninga vegna sama

rekstursins þar sem sömu einstaklingar eru ábyrgir án þess að nokkuð sé að gert til að stoppa þessa brotastarfsemi.

Hér er átt við fyrirtæki með takmarkaða ábyrgð (hf. eða ehf.) eins og það er kallað. Takmörkuð ábyrgð vísar til þess að sá eða þeir sem að félaginu standa taka ekki á sig aðra skuldbindingu en þá að greiða tiltekna fjárhæð við stofnun fyrirtækisins. Að öðru leyti eru skuldbindingar, sem gerðar eru í nafni fyrirtækisins, á ábyrgð þess en ekki eigendanna eða forsvarsmanna.

## TUG MILLJARÐA TJÓN FYRIR LAUNAFÓLK OG SAMFÉLAGIÐ ALLT

Kennitöluflakk og misnotkun á félögum með takmarkaða ábyrgð hefur alvarleg og víðtæk áhrif á samfélagið allt, atvinnulífið og launafólk og veldur þannig miklu samfélagslegu tjóni:

- Kennitöluflakk og umfangsmikil undanskot á opinberu vörslufé, sem gjarnan fylgja, hefur á undanförmum árum þýtt að sameiginlegir sjóðir landsmanna hafa orðið af tekjum sem skipta a.m.k. tugum milljarða á hverju ári. Afleiðingin af slíku getur aðeins orðið sú að leggja þarf auknar álögur á heiðarlegt fólk og fyrirtæki og/eða draga úr mikilvægri samfélagsþjónustu, s.s. á sviði heilbrigðis-, mennta-, húsnæðis- og velferðarmála.
- Kennitöluflakk og eðli þess skekkir samkeppnisstöðu heiðarlegra fyrirtækja í hliðstæðum rekstri sem standa skil á sínu, og hefur þannig bein og óbein áhrif á starfsmenn þeirra. Kennitöluflakkið bitnar á birgjum sem fá ekki greidda sína vöru og þjónustu og geta vegna áhrifa slíks tjóns, sjálfir orðið gjaldþrota.

- Kennitöluflakk og afleiðingar þess skerða kjör og réttindi launafólks, sem hjá slíkum fyrirtækjum starfa, með beinum og óbeinum hætti. Það gildir um laun og önnur starfskjör og ýmis félagsleg réttindi. Fyrirtæki, sem stunda kennitöluflakk, hafa einnig skaðleg og oft þungbær áhrif á einstaklinga sem eiga við þau viðskipti og verða fyrir tjóni þar sem ábyrgð á vöru og þjónustu falla niður svo dæmi séu tekin.

## HVER ERU ÁHRIF KENNITÖLUFLAKKS Á LAUN OG ÖNNUR STARFSKJÖR?

Kennitöluflakk og gjaldþrot í kjölfar þess hefur bein áhrif á þá sem starfa hjá viðkomandi fyrirtækjum. Yfirleitt eru stærstu kröfurnar í þessi þrotabú vangreidd opinber gjöld og launakröfur og aðrar kröfur sem varða réttindi starfsmanna. Að vísu er að hluta til hægt að lýsa þessum kröfum í Ábyrgðasjóð launa. En vandinn er sá að þessar kröfur eru eingöngu greiddar að hluta og sumar njóta ekki ábyrgðar. Þá getur fólk oft þurft að bíða mánuðum saman eftir að greiðsla berist sem getur leitt til vanskila og annars tjóns.



„ Það veldur miklum vonbrigðum að stjórnvöld hafa ekki brugðist við eða aðhafst nokkuð þrátt fyrir ítrekaðar ábendingar og tillögur af hálfu verkalýðshreyfingarinnar.“

## SÍBROTASTARFSEMI SEM VIÐGENGST Í SKJÓLI AÐGERÐARLEYSIS STJÓRNVALDA

Dæmi eru um að sömu einstaklingarnir hafi verið ábyrgir fyrir fjölda fyrirtækja sem tekið hafa þátt í kennitöluflakki, jafnvel svo tugum skiptir, án þess að hafa verið dregnir til ábyrgðar. Sá einstaklingur sem á metið hefur sett 29 fyrirtæki í þrot. Það má segja að fyrir þessu séu þrjár megin ástæður.

1. Það eru nánast engar takmarkanir hér á landi á því hverjir geta stofnað eða verið í forsvari fyrir fyrirtæki með takmarkaða ábyrgð.
2. Aðilar komast upp með að halda áfram rekstri fyrirtækja löngu eftir að í óefni er komið og geta þannig haldið áfram að valda öðrum skaða með framgöngu sinni.

3. Mikið skortir á að þeir aðilar séu sóttir til saka sem stunda kennitölufلاك og setja fyrirtæki ítrekað í þrot með tilheyrandi tjóni.

Það er í skjóli þessa sem brotamenn komast upp með að stunda glæpastarfsemi sína.

## HVERNIG ER HÆGT AÐ SPORNA GEGN KENNITÖLUFLAKKI?

ASÍ leggur áherslu á að heimildinni til þess að stofna og reka félag með takmarkaða ábyrgð (hf. eða ehf.) eigi að fylgja ríkar skyldur. Félög með takmarkaða ábyrgð og forsvarsmenn þeirra njóta mikilla réttinda og gegna auk þess mikilvægu hlutverki sem innheimtu- og vörsluaðilar opinbers fjár og iðgjalda sem veita launafólki margvísleg réttindi.

Til að sporna við þeirri svikastarfsemi sem kennitölufلاكkið er þarf að treysta regluramman um stofnsetningu og rekstur fyrirtækja og fylgja honum eftir af festu. Í því sambandi hefur ASÍ sett fram tillögur í 16 liðum sem taka á þeim vanda sem við er að glíma. Hér má nefna þrennt.

■ Hæfiskilyrði þeirra sem mega stofna fyrirtæki með takmarkaða ábyrgð verði aukin og skýrð, en þó þannig að þau hindri ekki frumkvæði og nýsköpun í íslensku atvinnulífi.

Jafnframt missi „síbrotamenn“ hæfi til að stofna eða að vera í forsvari fyrir félag með takmarkaða ábyrgð.

■ Gripið verði í taumana ef fyrirtæki sem eru í rekstri fara að draga úr hófi að skila vörslusköttum eins og staðgreiðslu og virðisaukaskatti og öðrum gjöldum sem þau innheimta vegna starfsemi sinnar, s.s. iðgjöldum til lífeyrissjóða og stéttarfélaga. Vanskil af þessum toga eru yfirleitt glögg merki um að reksturinn sé kominn í óefni og kennitölufلاكkið sé í undirbúningi.

■ Heimild opinberra aðila til að framkvæma slit á „óvirikum“ skúffufyrirtækjum fylgt eftir af festu. Jafnframt marki opinberir aðilar sér heildstæða stefnu um aðkomu sína sem kröfuhafi að þrotabúum félaga með takmarkaða ábyrgð.

Halldór Grönvold





Henný Hinz hagfræðingur hjá ASÍ skrifar um þróun verðlags


# Verðmunur á lágvöruverðsverslunum og öðrum verslunum minnkað mikið frá hrúni

Matvara hefur hækkað mikið í verði undanfarin ár og hafa þyngjur landsmanna ekki farið varhluta af því. Verðlagseftirlit ASÍ fylgist vel með verðþróun á matvöruverkaði og gerir reglulega mælingar á verðlagi í helstu matvöruverslunum. Munur á verðlagi lágvöruverðsverslana og annarra matvöruverslana hefur snarminnkað á undanförunum árum. Þetta sýna mælingar verðlagseftirlits ASÍ.

Flest heimili gera megnið af matvöruinnkaupum sínum í lágvöruverðsverslunum sem setja að jafnaði eins konar verðgölf á markaðnum hverju sinni. Leiðandi aðilar á matvöruverkaði hafa yfir að ráða bæði lágvöruverðsverslunum og öðrum matvöruverslunum (þjónustuverslunum) þar sem þjónusta er að jafnaði meiri, vöruúrval betra og verð hærra en í lágvöruverðskeðjunum. Þegar horft er til þróunar liðinna ára má sjá að verslunin hefur nýtt sér fákeppnisaðstæður á matvöruverkaði til fulls og hækkað álagningu í lágvöruverðsverslunum langtum meira en í þjónustuverslunum. Nú er svo komið að verðmunur á milli þessara verslunargerða hefur dregist verulega saman.



karfa hækkað um ríflega þriðjung og er hækkingin því tæplega helmingi minni en í lágvöruverðsverslunum. Matarkarfa sem kostaði 10.000 krónur snemma árs 2008 kostar í dag um 16.000 kr. í lágvöruverðsverslun. Í ársbyrjun 2008 var sama vörukarfa í þjónustuverslunum að meðaltali tæplega 30% dýrari en í lágvöruverðsverslun. Karfa sem kostaði 10.000 í lágvöruverðsverslun kostaði því um 13.000 í þjónustuverslun á sama tíma. Það sem síðan hefur gerst er að karfan hefur hækkað um ríflega þriðjung að meðaltali í þjónustubúðunum. Þetta þýðir að þrátt fyrir að vörukarfan sé dýrari í þjónustuverslunum en í lágvöruverðsverslunum hefur verðmunurinn á milli þessara verslunargerða snarminnkað. En staða heimilanna hefur verið þröng á liðnum árum, þetta vita verslunareigendur. Æ fleiri heimili sjá sér því þann kost vænstan að gera matarinnkaup sín í auknum mæli í lágvöruverðsverslunum eins og sjá má af aukinni veltu þeirra á kostnað hlutdeildar þjónustuverslana á matvöruverkaði. Í skjóli þess að neytendur hafa ekki annan skárri kost, því öll verðum við jú að borða og hvergi er að finna lægra verð en í lágvöruverðsverslunum geta verslunareigendur seilst dýpra ofan í vasa neytenda með því að hækka verð langtum meira í lágvöruverðsverslunum en í öðrum matvöruverslunum.



## MATARKARFAN HÆKKAÐ UM 60% FRÁ 2008

Eins og meðfylgjandi mynd sýnir hefur matarkarfa ASÍ, sem er innkaupakarfa sem á að endurspeglar innkaup meðalfjölskyldu, hækkað um 60% að meðaltali í lágvöruverðsverslunum frá fyrri hluta árs 2008. Þegar horft er til þjónustuverslana hefur sama

## EINUM OG HÁLFUM TÍMA LENGUR AÐ VINNA FYRIR MATARKÖRFUNNI



Frá árinu 2008 hafa útborguð meðallaun á vinnumarkaði hækkað um 20%, úr 314.000 krónum í 379.000 og útborguð lágmarkslaun fyrir fulla dagvinnu um 44%, úr um 127.000 í 183.000. Af þessum tölum er ljóst að matarkaupmáttur þorra launafólks hefur lækkað umtalsvert á liðnum árum. Setjum þetta í samhengi.

“ Í skjóli þess að neytendur hafa ekki annan skárri kost, því öll verðum við jú að borða, og hvergi er að finna lægra verð en í lágvöruverðsverslunum geta verslunareigendur seilst dýpra ofan í vasa neytenda með því að hækka verð langtum meira í lágvöruverðsverslunum en í öðrum matvöruverslunum. ”

Á fyrri hluta árs 2008 var meðalmaðurinn tæplega 6 tíma að vinna fyrir útborguðum launum sem dugðu til að kaupa matarkörfu sem kostaði 10.000 krónur. Eftir það seig á ógæfuhliðina með afleiðingum sem allir þekkja vel, gengið hríðfell og verðlag tók kipp og kaupmáttur minnkaði. Að teknu tilliti til þróunar á matvöruverði í lágvöruverðsverslunum, launa, vinnutíma og skattabreytinga, var þessi sami launamaður ríflega tveimur tímum lengur að vinna fyrir sama magni af matvöru á árinu 2010 og síðan þá hefur tíminn styst hægum skrefum um u.þ.b. ½ klst. Meðalmaðurinn er þannig í dag ríflega einni og hálfri klukkustund lengur að vinna fyrir matarkörfunni í lágvöruverðsverslun en fyrir sex árum.

Verkamaður á lægstu launum var snemma árs 2008 um 13,5 tíma að vinna fyrir 10.000 króna matarkörfunni. Síðar þetta sama ár var hann tæpum 3 tímum lengur að vinna fyrir sömu matarkörfu en síðan hefur kaupmátturinn heldur aukist. Eftir stendur að það tekur launamann sem fær greidd lágmarkslaun fyrir fulla dagvinnu enn tæplega eina og hálfra klukkustund lengur að vinna fyrir sambærilegri matarkörfu í lágvöruverðsverslun nú en á vordögum árið 2008.

Miðað við sömu forsendur og þróun verðlags í þjónustuverslunum væri meðalmaðurinn um 8 tíma að vinna fyrir matarkörfunni í þjónustuverslun í dag sem er tæplega klukkustund lengur en á fyrri hluta árs 2008. Ef láglaunamaðurinn verslaði í þjónustubúð hefði kaupmáttur hans hins vegar aukist þar, því hann var ríflega 17 tíma að vinna fyrir matarkörfunni þar vorið 2008 en væri nú um 16 tíma.



# .IS

skráðu þitt **.is** lén  
[www.isnic.is](http://www.isnic.is)

ISNIC | Internet á Íslandi hf. | s. 578 2030 | [www.isnic.is](http://www.isnic.is)



# I. maí. Hæ!

Það er I. maí og morgunsól í Hafnarfirði. Klukkan er rétt að verða átta og amma mín er í rósóttum kjól; hún lakkar rauðar á sér neglurnar og líka á tánum.



1. maí er bæði öðruvísi dagur og líka hátíðis dagur. Ég á frí í skólanum og amma á frí í fiskinum. Það er öðruvísi. Við förum saman í bæinn og göngum og syngjum með fullt af öðru fólki. Það er hátíðis.

Ég skola á mér hálsinn í þvottahúsinu frammi af því að ég vil láta heyrast í mér þegar ég syng og ég vil að röddin sé falleg. Þess vegna skola ég oft. Amma er búin að skola mjög oft í morgun af því að hún vill syngja um þjáða menn í þúsund löndum með mjúkan háls.

- Eru þjáðir menn veikir? spyr ég.
- Sumir, segir hún.
- En aðrir? spyr ég.
- Líka aðrir, segir hún.
- En hinir? spyr ég.
- Margir eru svangir, segir hún og bætir við að ég skilji þetta betur seinna - sem er nokkuð sem hún amma mín segir oft.
- Er þetta alltaf svona í þúsund löndum? spyr ég.
- Já, og líka á Íslandi, og teiknaðu nú mynd á meðan ég

klára mig í næði, segir hún og ég veit að það tekur hana tíma að setja rúllurnar í hárið á sér af því að það tekur tíma að setja í sig rúlluverk. Þannig er það.

Mér þykir vænt um 1. maí - og ég teikna af honum mynd sem amma getur átt til minningar. Hún má hengja hana upp fyrir ofan rúmið sitt. Á myndinni erum við báðar með svartar sparislæður, í rauðum kápum með svörtum tölum og í rauðum reimuðum skóm. Við erum líka með svört veski sem við höldum á í annarri hendinni. Við leiðumst með hinni. Það sést ekki í lófann minn af því að hann er innaní hennar. Það er bæði fyndið og þægilegt. Við amma erum eiginlega nákvæmlega eins nema hún er stærri og með uppsett hár. Ég er lítil og með tíkarspena. Utan á töskuna hennar skrifa ég 57 (f. 1903) og utan á mína tösku skrifa ég 7 (f. 1953). Ég lita tölurnar gular af því að ég vil að það sé greinilegt að amma hefur lifað 50 árum lengur en ég. Nákvæmlega.

- Ég sýni henni myndina. Hún segir:
  - Láttu myndina heita eitthvað, skrifaðu það efst í hornið, myndir eiga alltaf að heita eitthvað.
  - Af hverju, spyr ég.
  - Af því að þá verða þær til, segir hún.

Ég teikna stóra sól efst í hornið og skrifa innan í sólina 1. maí. Hæ! Ég sýni ömmu myndina aftur og hún segir.

- Það getur verið gott að ríma ef maður er ekki með síma og svo brosir hún og ég brosi líka af því að hún er ekki með síma sem er mjög bagalegt - og nú er hún byrjuð að steikja klatta sem hún úðar stráskykri yfir einsog alltaf þegar maðurinn hennar, sem hún er voðalega skotin í, kemur heim af sjónum.
- Nú, verðum við ekki tvær, amma? spyr ég.
- Nei, hann fer alltaf með okkur í bæinn 1. maí, ertu búin að gleyma því, segir hún og ég sem er búin að gleyma því skammast mín fyrir að hafa ekki haft hann á myndinni.
- Á ég að bæta honum á myndina, spyr ég.
- Nei, nei, skrifaðu bara að hann sé á bryggjunni.

Ég skrifa neðst á myndina: Gunnar er á bryggjunni, hann er í svörtum jakka með rauðan fána í hendinni sem er á litinn einsog kápunar okkar ömmu.

- Er þetta gott svona? spyr ég.
- Mjög fint og nú man ég að ég á eftir að strauja fánana okkar, ég var næstum búin að gleyma því, segir amma og byrjar að strauja fánana okkar.





Þetta eru tveir rauðir fánar og einn íslenskur fáni. Fullorðins ganga með rauða fána. Barn gengur með íslenska fánann.

- Hvers vegna má ég ekki fá rauðan fána? spyr ég.
- Þú færð hann þegar þú hefur vit á því hvað fánar þýða, svarar hún sem er orðin fín og ég er líka fín og nú heyrir klíður utan af götunni. Það eru allir á leið í gönguna og við amma hlaupum niður á bryggju til að hitta Gunnar.
- Það er góða veðrið, segir hann.
- Guð láti gott á vita, segir hún.

Ég geng á milli þeirra og við syngjum um þjáða menn í þúsund löndum og það er gaman; en ég verð að öskra á ömmu í gegnum sönginn:

- Verður alltaf svona gaman á 1. maí?
- Ég óttast það, æpir hún á móti og ég skil ekki hvers vegna hún óttast það; en þá tekur Gunnar mig upp og lyftir mér á háhest - og það er þá sem ég sé mannhaf í fyrsta skipti og heyrir orðið sem ég held að hafi verið orðið bræðralag. En ég man það ekki.



**Efling-stéttarfélag vinnur fyrir þig**

**- Sterkari saman!**

Efling-stéttarfélag • Sætún 1 • Sími 510 7500 • Fax 510 7501 • [www.efling.is](http://www.efling.is)



- Stendur með þér

Halldór Oddsson lögfræðingur hjá ASI

# Skuggahlið stórmóta í íþróttum

Nútíma þrælahald í skjóli alþjóðalegu íþróttahreyfingarinnar

*Þeir börðust, þeir börðust um brauðið og grautinn,  
því brauð og grautur er mannanna fæða.  
Þeir hlupu, þeir stukku, þó hlykkjótt sé brautin  
að hamingjulind vorra jarðnesku gæða.  
Og einn fékk þar of lítið og annar meira en nóg,  
og einn lést af fylli en hinn úr sulti dó.*

*að ráða slíka gátu er mönnum þyngsta þrautin.  
þannig hljóðar sagan um brauðið og grautinn.*

Steinn Steinarr

Skýr birtingarmynd misskiptingar í heiminum er krafa okkar í vesturheimi um greiðan aðgang að ódýrum framleiðsluvörum sem við viljum geta skipt út eftir stefnu og straumum tískunnar. Ein stærsta ástæða greiðs aðgangs okkar að þessum vörum á lágu verði, er sú staðreynd að þær eru framleiddar af vinnuafli sem fær greidd laun í stærðum sem má í skásta falli kalla skiptimynt.

## HRINGLEIKAHÚS MISSKIPTINGAR

Önnur birtingarmynd misskiptingar er það sem má kalla „hringleikahús misskiptingarinnar“ en flestir þekkja sem stórviðburði í íþróttum. Hér má nefna nýafstaðna vetrarólympíuleika í Sochi í Rússlandi, HM í fótbolta í Brasilíu í sumar, HM í fótbolta í Rússlandi árið 2018 og síðast en ekki síst HM í Qatar 2022. Framangreindir viðburðir eiga það allir sammerkt að hafa beint augum alheimsins að stöðu mannréttinda og aðbúnaði verkafólks í þessum löndum.

Hér er ekki ætlunin kasta rýrð á það íþróttafólk sem keppir á stórmótum heldur beina spjótunum að máttleysi forsvarsmanna alþjóðlegru íþróttahreyfingarinnar og óásætlanlegu kjarkleysi stjórnmalamanna.

Alþjóðleg íþróttahreyfing hefur eytt mikilli orku og vinnu í að búa til staðla og kröfur um aðbúnað fyrir keppendur og áhorfendur og samhliða beitt sér með beinum eða óbeinum hætti fyrir allsherjar markaðs- og gróðavæðingu íþróttanna. Afleiðingin er sú að óprúttirnir aðilar (stjórnslá/verktakar) vilja gjarnan hoppa um borð í peningalestina með því að arðræna það verkafólk sem vinnur að byggingu stórra og mikilla mannvirkja eins og keppnisvalla, hótela og samgöngumannvirkja á keppnisstöðunum. Önnur birtingarmynd

misskiptingar er að fátækrahverfi í grennd við keppnisvelli þurfa að víkja, gjarnan bótalaust fyrir þá sem þar búa. Tilgangurinn er að koma fyrir mannvirkjum fyrir stórviðburðinn eða hreinlega koma í veg fyrir að mótsgestir sjái með eigin augum það félagslega óréttlæti sem finnst í bakgarðinum hjá mótshöldurum.

## KRÖFUM UM BÆTT KJÖR MÆTT MEÐ OFBELDI

Alþjóðleg mannréttindasamtök og alþjóðasamband verkalýðsfélaga (ITUC) hafa verið öflug í baráttunni fyrir auknum réttindum verkafólks í þeim löndum sem halda stórviðburði í íþróttum. Jafnframt hefur tækifærið verið notað til að beina athygli heimsbyggðarinnar að mannréttindabrotum í þeim löndum sem halda stórmót í íþróttum. Nýlegt dæmi er athyglin sem mannréttindabrot á samkynhneigðu fólki í Rússlandi fékk í tengslum við vetrarólympíuleikana. Skýrslur sýna að mótshaldarar í Rússlandi, Brasilíu og Qatar brjóta á réttindum verkafólks. Aðbúnaður þess stenst ekki lágmarkskröfur um vinnuvernd, komið er í veg fyrir stéttarfélagsaðild og kröfum verkamanna um bætt kjör jafnvel mætt með ofbeldi.



Maracana í Rio de Janeiro, eftir endurbætur vegna HM 2014

## NÚTÍMA ÞRÆLAHALD

Smárikið Qatar þarf að byggja níu fótboltavelli fyrir HM 2022 og ráðast í aðrar stórtækar framkvæmdir fyrir 150 milljarða bandaríkjadala m.a. til að standast kröfur FIFA.

Framkvæmdir eru í eðli sínu af hinu góða. Það sem hins vegar gerir þessa risainnsþýtingu í hagkerfið í Qatar umdeilda, er sú staðreynd að réttindi verkafólks eru líklegast hvergi verri í heiminum. Í raun er





Framkvæmdir við nýjan leikvang nærri borginni Lusail í eyðimörkinni í Qatar.



Farandverkamaður við störf

hægt að segja að í Qatar fyrirfinnist nútíma þrælahald. Qatar hefur lengi verið á svörtum lista alþjóðlegu verkalýðshreyfingarinnar og mannréttindasamtaka og því vakti ákvörðun FIFA um staðarvalið mikla furðu á sínum tíma. Qatar stólar nær eingöngu á innflutt vinnuafli frá Indlandi, Nepal og Pakistan. Íbúafjöldinn er 1,5 milljón íbúa, þar af eru 1,2 milljónir innflutt verkafólk. Innfæddir lifa í vellystingum en aðflutta vinnuaflið við hroðalegan kost.

### BLÓÐRAUTT FÓTBOLTAGRAS Í QATAR

Eftir að framkvæmdir hófust í Qatar bárust fregnir af skelfilegum aðbúnaði og kjörum verkafólksins sem reisir mannvirkin. Meðallaun farandverkamanna í þessu ríkasta landi heims eru um 1000 kr. á dag. Innflutta verkafólkið á enga möguleika á kjarabótum þar sem starfsemi stéttarféлага er bönnuð í landinu. Auk þess er ferðafrelsi verkafólksins takmarkað. Aðbúnaður og öryggi er ekki í neinu samræmi við sjálfsagðar lágmarkskröfur Alþjóðavinnuárástofnunarinnar (ILO) enda er áætlað að 4000 einstaklingar muni deyja við mannvirkjagerð vegna HM 2022. Það eru töluvert fleiri en létust í hryðjuverkaárásunum á Bandaríkin 2001. Sú ákvörðun FIFA að heimsmeistaramótið í knattspyrnu skuli haldið í Qatar árið 2022, án þess að það leyfi hafi verið skilyrt um bætt kjör og bættan aðbúnað verkafólks í landinu, er mjög lýsandi fyrir skort alþjóðlegu íþróttahreyfingarinnar á ábyrgðartilfinningu þegar litið er til mannréttindamála.

### MANNRÉTTINDI ERU EKKI PÓLÍTÍK

Það er aum afstaða stjórnmalamanna sem spurðir eru um mannréttindamál í tengslum við stórviðburði í íþróttum að segjast ekki vilja blanda saman íþróttum og pólitík og þora ekki á þeim forsendum að standa uppi í hárinu á þeim sem brjóta mannréttindi. Brot á mannréttindum er pólitísk stefna og stórviðburðir í íþróttum eiga aldrei að vera skjól fyrir ofbeldi. Það er enginn undanskilinn þegar kemur að baráttu fyrir mannréttindum. Sérstaklega ekki þeir sem hæst standa í virðingarstiganum. Að segja að ólympíuleikar eða HM í fótbolta sé íþróttahátíð en ekki pólitísk hátíð er einfaldlega ekki boðlegur málflutningur. Það er hræsni.

### HVERN STYÐUR ÞÚ?

Alþjóðlega íþróttahreyfingin verður að sýna meiri ábyrgð þegar kemur að því að stuðla að auknu félagslegu réttlæti og

mannréttindum í heiminum enda er hún áhrifamikill þátttakandi í markaðshagkerfi heimsins. Í dag eru engar kröfur gerðar til mótshaldara stórviðburða um stöðu mannréttindamála í landinu né um aðbúnað og/eða kjör þess verkafólks sem vinnur við viðburðina. Auknar kröfur til mótshaldara kostar alþjóðlegu íþróttahreyfinguna ekkert en myndi klárlega auka veg og virðingu íþróttar í heiminum. Mannréttindi og félagslegt réttlæti eru eitthvað sem enginn á að láta afskiptalaust og baráttan gegn ofbeldi og yfirgangi er okkur öllum til góðs. Alþjóðlega íþróttahreyfingin hefur ekki látið til sín taka í þessum efnum. Auðvitað ættu ríki sem vilja vera gestgjafar stórviðburða í íþróttum að sýna fram á að þau virði grundvallarsamþykktir Alþjóða vinnuárástofnunarinnar (ILO) um réttindi og aðbúnað verkafólks enda kalla stórviðburðir á sviði íþróttar nær alltaf á umfangsmiklar mannvirkjaframkvæmdir. Baráttan á stórmótum í íþróttum stendur ekki bara um gullið, hún snýst ekki síður um sigur réttlætis yfir ranglæti. Hvern styður þú?

## Þekkingarfyrirtæki í veltækni og málmiðnaði

**HÉÐINN**  
Gjáhella 4 • 221 Hafnarfjörður • Sími 569 2100 • hedinn.is





# Samfélag fyrir alla – 1. maí 2014



Grundvöllur tilvistar og starfs verkalýðshreyfingarinnar er auk hefðbundinnar kjarabaráttu að berjast fyrir samfélagi jafnréttis og jafna tækifæra. Yfirskrift 1. maí 2014 endurspeglar þessa sýn verkalýðshreyfingarinnar. En af hverju er þessari kröfu haldið á lofti núna?

Misskipting hefur farið vaxandi í þjóðfélaginu á mörgum sviðum. Þessi þróun birtist með ýmsum hætti. Kostnaður almennings vegna lyfja og lækniþjónustu er komin út fyrir öll þolmörk. Afleiðingin er ekki aðeins sú að þessi kostnaður hefur mjög neikvæð áhrif á fjárhag fólks heldur þurfa sífellt fleiri að neita sér um nauðsynleg lyf og lækniþjónustu.

Tryggt og mannsæmandi húsnæði er ein af forsendum mannsæmandi lífsskilyrða. Mikill og vaxandi fjöldi fjölskyldna og einstaklinga er á hrakhólum vegna húsnæðisskorts eða þarf að sætta sig við óásættanlegar aðstæður í húsnæðismálum af fjárhagslegum ástæðum. Þá er öllum almenningi og sérstaklega ungu fólki ómögulegt að kaupa húsnæði við núverandi aðstæður. Við þessu hefur ASÍ brugðist með því að kynna tillögur um nýtt húsnæðislánakerfi að danski fyrirmynd og nú fyrir fáeinum dögum nákvæmlega útfærðar tillögur og kostnaðarmat á

nýju félagslegu húsnæðiskerfi fyrir tekjulægsta hópinn.

Tækifæri ungs fólks til að sækja sér menntun við hæfi er mikilvæg forsenda virkrar þátttöku á vinnumarkaði og starfstækifæra í framtíðinni. Menntakerfið er í dag ekki að svara kröfum um möguleika til náms sem fullnægir þörfum einstaklinga og atvinnulífs. Þá eru sterkar vísbendingar um að hópur fólks hafi ekki lengur efni á að senda börn sín í skóla eftir að skyldunámi líkur vegna kostnaðar.

Atvinna við hæfi og þátttaka á vinnumarkaði eru sjálfsögð krafa og lykillinn að virkri þátttöku í samfélaginu. Virkni og almenn atvinnuþátttaka er jafnframt mikilvæg forsenda velferðarsamfélagsins. Þúsundir einstaklinga eru atvinnulausir. Þetta á ekki síst við um mikinn fjölda ungmenna sem aldrei hefur náð að festa sig í sessi á vinnumarkaði.

Við viljum ekki þessa þróun. Við viljum ekki svona samfélag. Verkalýðshreyfingin vill byggja upp réttlátt þjóðafélag. Samfélag þar sem allir fá að njóta sín og tækifæri til að blómstra, óháð efnahag. Samfélag fyrir alla.





**Eru tími og peningar hindrun?**

Námið hentar þeim sem eru í fullri vinnu  
Kynntu þér námsstyrki stéttarfélags þíns.

# Meiri færni – fleiri möguleikar

Mímir-símenntun býður upp á margvíslegar námsleiðir í fullorðinsfræðslu

## Viltu auka færni þína?

- ▶ Starfarðu við umönnun og þjónustu?  
Mímir-símenntun býður upp á **Leikskólalíðabru og Félagslíðabru**
- ▶ Viltu vinna í ferðaþjónustu?  
Mímir-símenntun býður upp á námsleiðina **Þjónusta við ferðamenn**
- ▶ Viltu starfa í matvælaíðnaði?  
Mímir-símenntun býður upp á námskeiðið **Örugg meðferð matvæla**

## Viltu auka möguleika þína?

- ▶ Viltu fá vinnu á skrifstofu?  
Mímir-símenntun býður upp á **Skrifstofunám**
- ▶ Langar þig í háskóla en hefur ekki stúdentspróf?  
**Menntastöðir** brúa bilið
- ▶ Fórstu ekki í framhaldsskóla?  
Skoðuðu **Grunnmenntaskólann**
- ▶ Er lesblinda í þinni fjölskyldu?  
**Aftur í nám** styrkir stöðu lesblindra



# Þróunaraðstoð snýst ekki bara um lágmarkslífsgæði – heldur lífið sjálft

Undanfarið eitt og hálf ár hefur sá sem þetta skrifar starfað á umdæmisskrifstofu Þróunarsamvinnustofnunar í Malaví. Starfið er krefjandi, en um leið gefandi og hefur óhjákvæmilega áhrif á allt verðmætamat og viðhorf til lífsins og tilverunnar. Flest er framandi, þrátt fyrir að verkefni séu á sömu sviðum og höfundur sinni í starfi sínu á undan þessu – sem sveitarstjórnarmaður á Íslandi.

Verkefni Þróunarsamvinnustofnunar í Malaví eru á þremur sviðum nærþjónustu: Vatni- og hreinlæti; lýðheilsu og grunnskóla. Verkefni eru bundin við eitt hérað í suðurhluta landsins, við suðurenda Malavívatns. Í héraðinu býr um 1 milljón manna. Samstarfið byggir á svokallaðri „héraðsnálgun“, þ.e. héraðsyfirvöld halda utan um framkvæmd verkefna sem eru fjármögnuð með framlagi Íslands. Héraðsstjórnin sér um útboð og mat á tilboðum, samningagerð og að verkefni séu almennt framkvæmd. Hlutverk umdæmisskrifstofunnar er þátttaka í skilgreiningu verkefna og eftirlit með framkvæmd þeirra, ekki síst meðferð fjármuna. Með þessari aðferð er betur tryggt en með sumum öðrum aðferðum, að ákvarðanir séu teknar eins nálægt notendum nærþjónustu og mögulegt er, heimamenn byggja upp þekkingu sem nýtist til framtíðar og að „eignarhald“ verkefnanna sé þeirra.



Á leið í vatnsból

## VATN ER EKKI ALLT, EN ÁN ÞESS ER EKKERT

Ríflega tíundi hver jarðarbúi hefur ekki greiðan aðgang að drykkjarhæfu vatni. Um þriðjungur hefur ekki aðgang að salerni. Það segir sig sjálft, að hættan á sjúkdómum er umtalsvert meiri hjá fólki sem ekki hefur aðgang að vatni og gengur örna sinna á víðavangi, en öðrum. Þegar við bætist takmörkuð þekking á smitleiðum sjúkdóma – þá er heilsuvá víðvarandi.

Hlutfall þeirra sem hvorki hafa aðgang að vatni né salernisaðstöðu er miklu hærra í Malaví. Í Mangochihéraði, hefur meira en fjórðungur ekki aðgang að drykkjarhæfu vatni og um 15% hafa aðgang að hreinlætisaðstöðu. Í þeim hluta héraðsins, Chimwala, sem áherslan í vatns- og hreinlætismálum er á, á yfirstandandi samningstíma (2012-2016), hafði einungis um helmingur greiðan aðgang að drykkjarvatni um mitt ár 2012, þegar verkefnið fór af stað. Á þessum fjórum árum er ætlunin að koma þessum hlutföllum í Chimwala upp í 80%.



Ungbarnaeftirlitið

## MÆÐRA- OG UNGBARNADAUÐI

Meðal stærstu vandamála í mörgum fátækum ríkjum er tíðni fæðinga og barneignir ungra stúlkna. Ekki er óalengtt að stúlkur eignist sitt fyrsta barn um 14-15 ára aldur. Íbúar í héraðinu eru mjög ungir að meðaltali, næstum helmingur yngri en 15 ára. Aðgangur að opinberri heilbrigðisþjónustu er lítil og mörg börn fæðast án þess að sérhæft heilbrigðisstarfsfólk komi nokkru sinni nærri. Þegar upp koma vandamál við meðgöngu og fæðingu eru líkur á því að kona komist undir læknishendur mjög takmarkaðar, bæði vegna skorts á aðstöðu, heilbrigðisstarfsfólki og möguleikum til sjúkraflutninga.

Megináherslurnar í heilbrigðishluta verkefnisins er að stórauka aðgang að viðunandi aðstöðu, þjálfun starfsfólks og að fjölga farartækjum til sjúkraflutninga. Meðal annars er hafin bygging stórrar fæðingardeildar í tengslum við héraðssjúkrahúsið í Mangochi, auk byggingar fjögurra minni fæðingardeilda í tengslum við heilsugæslustöðvar í dreifbýli. Með aðgerðunum er vonast til að stórlega dragi úr dauða mæðra og ungbarna og úr alvarlegum smitsjúkdómum og faröldrum. Nú þegar eru farnar að sjást mjög jákvæðar vísendingar um að þessar aðgerðir séu farnar að skila árangri.





Kennslustofa

## AÐ MENNTAST ÚR ÖRBIRGD

Þriðja svið nærþjónustu í Mangochihéraði sem ÞSSÍ styður við, er grunnskóli. Í héraðinu eru starfræktir meira en 260 grunnskólar, en ekki er skólaskylda í Malaví og allstór hluti barna sem aldrei fer í skóla. Því til viðbótar er brottfall mjög mikið, þegar á fyrstu árum skólagöngu. Þegar maður sér aðstöðu nemenda og starfsfólks, þá þarf það ekki að koma á óvart. Fjöldi nemenda í bekkjum skiptir oftast hundruðum í yngstu bekkjunum, þótt viðmiðun menntamála-yfirvalda í landinu sé 60 nemendur á kennara. Kennsla fer iðulega fram úti undir beru lofti – í besta falli undir tré. Séu til kennslubækur, þurfa margir nemendur að sameinast um hverja bók. Húsgögn eru fágæt, líka inni í skólastofum. Menntaðir kennarar eru fáir og allur aðbúnaður lítilfjórlegur.

Það segir sig sjálft, að til þess að koma þessum 260 skólum í viðunandi horf – þannig að þeir dygðu þeim hundruðum þúsunda grunnskólabarna sem búa í Mangochi – þarf mjög mikla fjármuni. Væri því fé sem ÞSSÍ hefur til fræðslumála í héraðinu dreift jafnt á skólana, hefði það lítið að segja. Því var ákveðið að velja úr 12 skóla og leggja áherslu á að koma þeim í viðunandi horf, með byggingu skólastofa, kennarabústaða, salernisaðstöðu, kennslubókum, húsgögnum, þjálfun kennara og öðru sem er nauðsynlegt til árangursríks skólahalds. Fylgst er nákvæmlega með þessum skólum á tímabilinu, með því að kanna reglulega viðhorf skólastjórnenda og kennara, nemenda og foreldra til skólastarfsins og þróunar þess. Jafnframt er fylgst með þróun einkunnna, brottfalls og slíkra þátta. Til að geta lagt mat á hvaða þátt inngríp ÞSSÍ eiga í hugsanlegum breytingum á þessum þáttum, eru sams konar rannsóknir gerðar í 12 öðrum, sambærilegum skólum í héraðinu, sem ekki njóta framlaga.

Verði hægt að sýna fram á áþreifanleg jákvæð áhrif einhverra þessara þátta á þá þætti sem mældir eru, verður hægt að nýta þær niðurstöður til að leita fjárstuðnings annarra og fjársterkari aðila í þróunarstarfi.

## EPLI, APPELSÍNUR OG SIÐFERÐILEGAR SKYLDUR

Það er sannarlega hægt að gera hlutina með mismunandi hætti og það er sjálfsagt að hafa ólíkar skoðanir á því hvaða aðferðir henti best í þróunarsamvinnu. Á t.d. að beina stuðningi í gegnum fjárlög ríkja, eða á að leita leiða til að nálgast grasrótina í fátækum löndum. Um þetta er hægt að deila og það sem hentar á einum stað,

hentar ekki nauðsynlega alls staðar. Þeim sem þetta skrifar er aftur á móti hulin ráðgáta hvernig hægt er að efast um að ríkri þjóð eins og Íslendingum beri siðferðileg skylda til að taka þátt í slíku starfi, jafnvel þótt tímabundið bakslag komi í seglin heima fyrir. Einhvers lags samanburður á íslenska heilbrigðiskerfinu og vandamálum þess og „heilbrigðiskerfinu“ í fátækustu ríkjum heims er einfaldlega merkingarlaus. Það er eins og að bera saman epli og appelsínur.

Fátækt í heiminum getur aldrei verið einkamál hins fátæka. Allt alþjóðasamfélagið er ábyrgt, enda hafa fjölmörg ríki skuldbundið sig til að leggja ákveðið af mörkum – þ.m.t. Ísland.

Það er ljóst, að með þróunarsamvinnu Íslands í Malaví er ekki bara verið að skapa fátækum börnum tækifæri til að mennta sig. Það er ekki einungis verið að gera mæðrum kleift að fæða börn við skárra aðstæður – og það er ekki bara verið að stytta leiðina til að sækja vatnið. Það er verið að tryggja möguleika fjölda fólks til að lifa og þroskast. Þar liggur ábyrgð Íslendinga og alþjóðasamfélagsins alls.

„ Fátækt í heiminum getur aldrei verið einkamál hins fátæka. Allt alþjóðasamfélagið er ábyrgt, enda hafa fjölmörg ríki skuldbundið sig til að leggja ákveðið af mörkum - þ.m.t. Ísland.“

**fánar**  
 fyrirtækjafánar • hátíðarfánar  
 þjóðfánar • borðfánar • bannerar

HEIMILI FYRIRTEKI STOFNANIR  
 Sólarfílms  
 Sannfílms  
 Öryggisfílms

**glerfilmur**  
 www.merkismenn.is

**MERKIS MENN**  
 UMHVERFISMERKINGAR SKILTAGERÐ

Ármúla 36 • 108 Reykjavík • Sími: 544 2030

Marianna Traustadóttir jafnréttisfulltrúi ASÍ

# Nordiskt Forum – fjögurra daga veisla helguð konum og jafnrétti



Nordiskt Forum, norræn kvennaráðstefna verður haldin í Malmö dagana 12.-15. júní nk. Þetta er í þriðja skiptið sem konur á Norðurlöndum taka sig saman og blása til ráðstefnu þar sem fjallað er um stöðu kvenna. Síðast var það í Turku í Finnlandi árið 1994 og þar á undan árið 1988 í Ósló í Noregi. Í bæði skiptin létu íslenskar konur að sér kveða á ráðstefnunni og þar á meðal stór hópur úr röðum aðildarfélaga ASÍ.

Á Nordiskt Forum verður fjallað um allt milli himins og jarðar tengt jafnréttisbaráttu og kvenréttindum bæði á Norðurlöndum sem og annars staðar í heiminum. Dagskrá ráðstefnunnar er afar fjölbreytt þannig að allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi.

## NÝ AÐGERÐARÁÆTLUN BÚIN TIL

Í fyrsta lagi má nefna dagskrá í Malmö Arena þar sem konur og karlar frá

ýmsum löndum stíga á stökk. Þar verða mismunandi áskoranir og sjónarmið rædd, spurningum varpað fram og kraftur þátttakenda virkjaður. Í öðru lagi er norræn dagskrá sem er hugmyndafræðilegt hjarta ráðstefnunnar. Dagskráin byggist á aðgerðaráætlun Sameinuðu þjóðanna og Pekingráðstefnunnar 1995. Þar eru 12 mismunandi áskoranir jafnréttisbaráttunnar ræddar, unnið verður með hvert umræðuefni í tveimur málstofum, sú fyrri fjallar um núverandi stöðu viðkomandi málefni og í seinni málstofunni verða lagðar til lausnir fyrir framtíðina. Niðurstöður málstofanna mynda grunn í aðgerðaráætlun sem þátttakendur koma sér saman um og verður lögð fram í lok þingsins. Þessi aðgerðaráætlun verður afhent fulltrúum norrænna ríkisstjórna og þjóðþinga. Aðgerðaráætlunin á að leggja grunn að alþjóðlegri ályktun um að styrkja stöðu kvenna út um allan heim.

Einnig verður í boði fjölbreytt dagskrá sem stofnanir og félagasamtök frá öllum Norðurlöndunum standa fyrir. Alþýðusambandið ásamt systrasamtökum frá Danmörku, Noregi, Finnlandi og Svíþjóð standa fyrir dagskrá laugardaginn 16. júní þar sem fjallað verður m.a. um þátttöku verkalyðshreyfingarinnar í jafnréttisbaráttu á vinnumarkaði. Síðast en ekki síst verða í boði ýmis konar menningarviðburðir og skemmtilegar uppkomur sem munu setja svip sinn á hátíðarsvæðið og Malmö. Ráðstefnusvæðið er opið almenningi, en þar geta gestir hlýtt á tónlist, horft á leiksýningar, tekið þátt í dansi og kíkt á listasýningar.

## BAKSLAGIÐ

Eitt af markmiðum Nordiskt Forum er að vekja athygli á stöðu kvenna á Norðurlöndum og þeirri umræðu sem þar fer fram, hvort sem um er að ræða stöðu kvenna á vinnumarkaði eða öðrum þáttum samfélagsins. Sameinuðu þjóðirnar hafa ekki skipulagt ráðstefnu um málefni kvenna og kvenréttindi síðan Peking ráðstefnan var haldin 1995. Ástæða þess er bakslag sem orðið hefur í réttindabaráttu kvenna út um allan heim. Sú staða bíður heim hættunni á að aðgerðir sem voru samþykktar í Peking fyrir tuttugu árum gætu verið dregnar til baka ef boðað væri til nýrrar alþjóðlegrar ráðstefnu. Þess vegna er mikilvægt að Nordiskt Forum sendi skýr skilaboð til umheimsins enda hafa konur á Norðurlöndum margt að miðla til systra sinna á heimsvísu og þar er norræn verkalyðshreyfing í lykilhlutverki.

Nánari upplýsingar um dagskrána má finna á heimasíðu Nordiskt Forum [www.nf2014.org](http://www.nf2014.org)





# ASÍ þakkar eftirtöldum aðilum stuðning

 STARFSGREINAFÉLAG Til góðra verka	 www.akureyri.is Akureyri ÖLL LÍFSINS GÆÐI	 Alcoa Fjarðaál ALCOA	 STÉTTARFÉLAG	 STÉTTARFÉLAG STOFNAD 25. JÚNÍ 2002	 BÍLAHÓTEL Þjónusta við Leifstöð	
	 www.brammer.is	 BRÚ - FÉLAG STJÖRNENDA	 Félag byggingamanna	 BÚÐU BETUR, BORGADU MINNA.		
 Faxaflóahafnir sf Associated Icelandic Ports			 FÉLAG HÁRSNYRTISVEINA	 FÉLAG IÐN- OG TÆKNIGREINA www.fit.is		
			 Stofnab 1966	 GRINDAVÍKURBÆR		
	 IDAN fræðslusetur	 GROUND SERVICES	 BLIKK OG STÁLSMÍÐJA EHF.			
	 GÓLFEFNI OG SKRIFSTOFUÞEKI					
						
						
 SAMBAÐ IÐNVEGLAGA			 Set ehf • Röðaverksmiðja	 STÉTTARFÉLAG I ALMANNARÞJÓNUSTU		
	 ÁRANGUR Í UMHERFISMÁLUM					
			 EKTA DANSKT SMURBRAUÐ SMÖKREIÐ Laugavegur 8 sími 55 10 000 www.jomfruin.is			
		 STOFNAD 1997				
					 Hafnargötu 12 - 240 Grindavík	



# ASÍ þakkar eftirtöldum aðilum stuðning

## Reykjavík

Auglýsingastofan ENNEMM  
Brautarholti 10

Bananar ehf.  
Súðarvogi 2e

Birtingur ehf.  
Stígahlíð 51

Blaðamannafélag Íslands  
Síðumúla 23

Blikksmiðjan Glófaxi hf.  
Ármúla 42

Danica sjávarafurðir ehf.  
Suðurgötu 10

Eignamiðlunin ehf.  
Síðumúla 21

Ernst & Young hf.  
Borgartúni 30

Fastus ehf.  
Síðumúla 16

Flügger ehf.  
Stórhöfða 44

Frystikerfi ehf.  
Viðarhöfða 6

Gjögur hf.  
Kringlunni 7

Guðmundur Jónasson ehf.  
Borgartúni 34

Halldór Jónsson ehf.  
Skútuvogi 11

Snæland Grímsson ehf.  
Langholtsvegi 115

Hugsmiðjan ehf.  
Snorrabraut 56

Ísfrost ehf.  
Funahöfða 7

Kemi ehf.  
Tunguhálsi 10

Lagnalagerinn ehf.  
Fosshálsi 27

Landsnet hf.  
Gylfaflöt 9

Loftstokkahreinsun.is  
Garðhúsum 6

Lyfjaver ehf.  
Suðurlandsbraut 22

Mjólkurfæðingafélag Íslands  
Stórhöfða 31

Neytendasamtökin  
Hverfisgötu 105

Nýi ökuskólinn ehf.  
Klettagörðum 11

Póstmannafélag Íslands  
Grettisgötu 89

Rarik ohf.  
Bíldshöfða 9

Reykjagarður hf.  
Fosshálsi 1

Reykjavíkurborg  
Ráðhúsinu

Samtök fiskvinnslustöðva  
Borgartúni 35

Seðlabanki Íslands  
Kalkofnsvegi 1

Slökkvilið höfuðborgarsv. bs.  
Skógarhlíð 14

Stál-Tech ehf.  
Tunguhálsi 10

Suzuki bílar hf.  
Skeifunni 17

Utanríkisráðuneytið  
Rauðarárstíg 25

Útfarþj. Rúnars Geirmundssonar  
Fjarðarási 25

Verslunin Brynja ehf.  
Laugavegi 29

Vinnuálfstofnun  
Kringlunni 1

Ögurvík hf.  
Týsgötu 1

## Kópavogur

Aalborg Portland Íslandi hf.  
Bæjarlind 4

Alur blikksmiðja ehf.  
Smíðjuvegi 58

Á. Guðmundsson ehf.  
Bæjarlind 8-10

Vaki fiskeldiskerfi hf.  
Akralind 4

**Garðabær**  
AP-Príf ehf.  
Skeiðarás 12

Garðabær  
Garðatorgi 7

Ísafoldarprentsmiðja ehf.  
Suðurhrauni 1

Loftorka ehf.  
Miðhrauni 10

Stálsmiðjan-Framtak ehf.  
Vesturhrauni 1

## Hafnarfjörður

Hafnarfjarðarbær  
Ráðhúsi Hafnarfjarðar

Hafnarfjarðarhöfn  
Óseyrarbraut 4

Héðinn Schindler lyftur hf.  
Gjótuhrauni 4

Hlaðbær-Colas hf.  
Gullhellu 1

Hópþílar hf.  
Melabraut 18

Hvalur hf.  
Reykjavíkurvegi 48

Pappír hf.  
Kaplakrauni 13

Rafrún ehf.  
Gjótuhrauni 8

Síld og Fiskur ehf.  
Dalshrauni 9b

Spennubreytar  
Trönuhrauni 5

Trésmiðjan okkar ehf.  
Lyngbergi 19a

Víking björgunarbúnaður ehf.  
Íshellu 7

## Vogar

Vélsmiðjan Altak ehf.  
Jónsvör 5

## Reykjanesbær

Grímnes ehf.  
Steinási 18

Reykjanesbær  
Tjarnargötu 12

Skólar ehf.  
Klettatróð 8

## Garður

Nesfiskur ehf.  
Gerðavegi 32

## Sandgerði

Flugfiskur hf.  
Holtsgötu 37

Verk- og tölvuþjónustan ehf.  
Holtsgötu 24

Verkalýðs- og sjómannafélag  
Sandgerðis Tjarnargötu 8

## Grindavík

Einhamar Seafood ehf.  
Verbraut 3a

Marver ehf.  
Staffholti

Sjómanna- og vélstjórafélag  
Grindavíkur Hafnargötu 9

## Mosfellsbær

Nonni litli ehf.  
Þverholti 8

## Akranes

Apótek Vesturlands ehf.  
Smíðjuvöllum 32

Bifreiðastöð Þórðar Þ. Þórðarsonar  
Dalbraut 6

Bjarnar ehf. vélaleiga  
Hólmafiöt 2

Þorgeir og Ellert / Skaginn hf.  
Bakkatún 26

Spölur ehf.  
Hvalfjarðargöng

## Borgarnes

Loftorka í Borgarnesi ehf.  
Engjaási 2

## Hellissandur

KG Fiskverkun ehf.  
Melnesi 1

Sjávariðjan Rifi hf.  
Hafnargötu 8

## Stykkishólmur

Marz sjávarafurðir ehf.  
Aðalgötu 5

Tindur ehf.  
Hjallatanga 10

## Búðardalur

Dalabyggð  
Miðbraut 11

## Reykhólahreppur

Þörungaverksmiðjan  
Reykhólum

## Patreksfjörður

Oddi hf. fiskvinnsla-útgerð  
Eyrargötu 1

## Tálknafjörður

Þórsberg hf.  
Strandgötu 25

## Bíldudalur

GSG vörubílaakstur-trésmiði ehf.  
Kríubakka 4

## Suðureyri

Fiskvinnslan Íslandssaga hf.  
Freyjugötu 2

## Bolungarvík

Bolungarvíkurkaupstaður  
Aðalstræti 12

Endurskoðun Vestfjarða ehf.  
Aðalstræti 19

Sparisjóður Bolungarvíkur  
Aðalstræti 14

Verkalýðs- og sjómannafélag  
Bolungarvíkur Hafnargötu 37

## Ísafjörður

Lífeyrissjóður Vestfirðinga  
Hafnarstræti 9-13

Orkubú Vestfjarða ohf.  
Stakkanesi 1

## Súðavík

Súðavíkurhreppur  
Grundarstræti 3

## Hvammstangi

Húnaþing vestra  
Hvammstangabraut 5

## Blönduós

Húnavatnshreppur  
Húnavöllum

Íðnsveinafélag Húnavetninga  
Þverbraut 1

## Sauðárkrókur

Fisk-Seafood hf.  
Háeyri 1

Íðnsveinafélag Skagafjarðar  
Sæmundargötu 7

Sjávarleður hf.  
Borgarmýri 5

## Varmahlíð

Akrahreppur  
Skagafirði

## Siglufjörður

SR-Vélaverkstæði hf.  
Vetrarbraut 12

## Ólafsfjörður

Norlandia ehf.  
Múlavegi 3

Sjómannafélag Ólafsfjarðar  
Brekkgötu 9

## Dalvík

Buggsmiðjan ehf.  
Öldugötu 22

Promens Dalvík ehf.  
Gunnarsbraut 12

Tréverk ehf.  
Grundargötu 8-10

## Grímsey

Sigurbjörn ehf. fiskverkun

## Akureyri

Eyjafjarðarsveit  
Skólatróð 9

Félag málmíðnaðarmanna  
Akureyri Skipagötu 14

Orlofsbyggðin Illugastöðum  
Fnrjóskaðal

Sjómannafélag Eyjafjarðar  
Skipagötu 14

## Grenivík

Frosti ehf.  
Melgötu 2

## Húsavík

Sorpsamlag Þingeyinga ehf.  
Viðimóum 3

## Mývatn

Skútustaðahreppur  
Hlíðavegi 6

## Kópasker

Rifós hf. laxa og bleikju eldisstöð  
Lónin Kelduhverfi

## Þórshöfn

Geir ehf.  
Sunnuvegi 3

Langanesbyggð  
Fjarðarvegi 3

Verkalýðsfélag Þórshafnar  
Langanesvegi 18

## Vopnafjörður

Sláturfélag Vopnfirðinga hf.  
Hafnarbyggð 8

Vopnafjarðarhreppur  
Hamrahlíð 15

## Egilsstaðir

Fljótsdalshérað  
Lyngási 12

Hitaveita Egilsstaða og Fella ehf.  
Einhleypingi 1

## Seyðisfjörður

Brimberg ehf.  
Hafnargötu 47

Gullberg hf. útgerð  
Langatanga 5

Seyðisfjarðarkaupstaður  
Hafnargötu 44

## Reyðarfjörður

Félag opinberra starfsmanna á  
Austurlandi, Stekkjarbrekku 8

Stjórnendafélag Austurlands  
Austurvegi 20

## Eskifjörður

Egersund Ísland ehf.  
Hafnargötu 2

## Neskaupstaður

Fjarðanet hf.  
Strandgötu 1

## Höfn í Hornafirði

Skinney-Pinganes hf.  
Krosssey

Vélsmiðja Hornafjarðar ehf.  
Álaugarvegi 2

## Kirkjubæjarklaustur

Skaftárhreppur  
Klausturvegi 10

## Hvolsvöllur

Krappi ehf. byggingaverktakar  
Ormsvöllum 5

## Selfoss

Félag opinberra starfsmanna  
Suðurlandi, Austurvegi 38

Orkugerðin ehf.  
Heiðargerði 5

Ræktunarsamband Flóa og Skeiða  
Gagnheiði 35

Sveitarfélagið Árborg  
Austurvegi 2

## Hveragerði

Garðyrkjustöð Ingibjargar  
Heiðmörk 38

## Ölfus

Eldhestar ehf.  
Völlum

## Þorlákshöfn

Fiskmark ehf.  
Hafnarskeiði 21

Frostfiskur ehf.  
Hafnarskeiði 6

Sveitarfélagið Ölfus  
Hafnarbergi 1

## Vestmannaeyjar

Frár ehf.  
Hásteinsvegi 49

Ísfélag Vestmannaeyja hf.  
Strandvegi 28

Narfi ehf.  
Eiði 12

Sjómannafélagið Jötunn  
Skólavegi 21b

Teiknist. Páls Zóphóniassonar ehf.  
Kirkjuvegi 23

Vöruval ehf.  
Vesturvegi 18





**wise**  
- snjallar lausnir

## er hlutverk þitt að sjá um bókhaldið?

### Fullbúin viðskiptalausn í áskrift - Microsoft Dynamics NAV

Mánaðarlegt gjald veitir aðgang að einu mest selda bókhaldskerfi landsins ásamt kostnaði við uppfærslu- og þjónustugjöld, hýsingu, afritun á gögnum, öryggisvarnir og SQL gagnagrunn.

Breytilegur fjöldi notenda eftir mánuðum sem lágmarkar kostnað.

Kerfinu fylgir rafræn sending reikninga, samskipti við RSK og margt fleira.

Fjöldi sérlausna í boði fyrir þá sem þurfa aukna virkni.



Verð frá kr.  
**11.900-**  
pr. mán. án vsk



Wise lausnir ehf.  
Borgartún 26, 105 Reykjavík  
Hafnarstræti 93-95, 600 Akureyri  
sími: 545 3200 » wise@wise.is  
[www.wise.is](http://www.wise.is)



545 3200



navaskrift.is



sala@wise.is



# TRAUST SAMBAND

Rafiðnaðarsamband Íslands er landsamband átta aðildarfélaganna í rafiðnaði með um 5.000 félagsmenn.



## Stöndum vörð um okkar rétt!

RSÍ gætir hagsmuna félagsmanna og fjölskyldna þeirra gagnvart atvinnurekendum og stjórnvöldum.

Sjúkrasjóður RSÍ styður dyggilega við félagsmenn og fjölskyldur þeirra.

RSÍ á og rekur 42 orlofshús og íbúðir á 13 stöðum á landinu, stórt tjald- og útivistarsvæði auk tveggja íbúða á Spáni.

RSÍ býður upp á eftirmenntun í Rafiðnaðarskólanum.